

Reykjavík, 19. júní 2015

Fundargerð 147. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 19. júní 2015 var haldinn 147. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Haraldsson og Theódóra Þorsteinsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Hallur Símonarson sat fundinn undir liðum 2 og 3 og Þorkell Jónsson ásamt Birni Gíslasyni undir lið 4.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Í dag eru hundrað ár liðin frá gildistöku laga um breytingu á stjórnarskrá þess efnis að konur og vinnumenn fengu kosningarétt til alþingis. Starfsmönnum SHS, sem því við koma, verður gefið frí frá hádegi til þess að taka þátt í hátíðardagskrá í tilefni af því.

Afgreiðsla: Stjórn SHS hvetur þá starfsmenn SHS sem þess eiga kost til að sækja hátíðahöld sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til þess að fagna þessum merkisdegi í sögu jafnréttismála á Íslandi.

2. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar

Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, fór yfir drög að samkomulagi um innri endurskoðun SHS og áætlaðan kostnað vegna þess.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samkomulag um innri endurskoðun SHS, drög, ódagsett.

Afgreiðsla: Formanni og slökkviliðsstjóra falið að ganga frá samkomulagi við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar um innri endurskoðun á SHS, en samningurinn verður gerður til eins árs til að byrja með.

3. Samstarfsyfirlýsing um notkun exMon

Slökkviliðsstjóri og Hallur Símonarson kynntu væntanlegt samstarf SHS við Expectus um notkun hugbúnaðarins exMon við eftirlit og endurskoðun.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samstarfsyfirlýsing Expectus og SHS um notkun exMon, dags. 17. maí 2015.

Afgreiðsla: Frestað.

Handwritten signatures and initials, including a large circular stamp and the number 230.

4. Kostnaður við Skarhólabraut

Þorkell Jónsson, frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og Björn Gíslason, framkvæmdastjóri SHS fasteigna, fóru yfir kostnað við framkvæmdir við byggingu slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS: Kostnaður við byggingu slökkvistöðvar Skarhólabraut 1, Mosfellsbæ, dags. 15. maí 2015.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Mönnun SHS fyrir og eftir Skarhólabraut

Slökkviliðsstjóri kynnti samantekt um mönnun SHS frá árinu 2010 til 2015.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS: Mönnun SHS frá 2010 t.o.m. 2015, dags. 18. júní 2015.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Starfsreglur stjórnar

Rætt um starfsreglur fyrir stjórn SHS

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar Strætó bs., dags. 27. febrúar 2015.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að gera drög að starfsreglum stjórnar SHS.

7. Önnur mál

7.1 Neyðarstjórnir sveitarfélaganna.

Rætt um æfingar neyðarstjórna sveitarfélaganna í mars sl. Ákveðið að vinnuhópur um neyðarstjórnirnar sem hefur verið að störfum starfi áfram.

7.2 Aðstaða aðgerðastjórnar höfuðborgarsvæðisins.

Framvinda framkvæmda við aðstöðu fyrir aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð kynnt.


7.3 Tímasetning næsta stjórnarfundar.

Stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að næsti stjórnarfundur yrði haldinn í september.

Afgreiðsla: Samþykkt.


Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 18. september 2015.

Fundi slitið klukkan 10:45.




Fylgiskjöl:


- Samkomulag um innri endurskoðun SHS, drög, ódagsett.
- Samstarfsyfirlýsing Expectus og SHS um notkun exMon, dags. 17. maí 2015.
- Minnisblað SHS: Kostnaður við byggingu slökkvistöðvar Skarhólabraut 1, Mosfellsbæ, dags. 15. maí 2015.
- Minnisblað SHS: Mönnun SHS frá 2010 t.o.m. 2015, dags. 18. júní 2015.
- Starfsreglur stjórnar Strætó bs., dags. 27. febrúar 2015.




Dagur B. Eggertsson




Theódóra Þorsteinsdóttir




Ásgerður Halldórsdóttir



Áslaug Hulda Jónsdóttir



Haraldur Sverrisson



Haraldur L. Haraldsson